

11. fundur.

Föstudaginn 20. apríl 2007 kom hreppsnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í kaffistofu Þórsvers og hófst fundur kl. 15:10.

Mætt voru: Jóhanna Helgadóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Þórir Jónsson, Marínó Jónsson og Siggeir Stefánsson auk sveitarstjóra Björns Ingimarssonar

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna, óskaði eftir breytingu á dagskrá undir liðnum til afgreiðslu: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Teikn á lofti og starfsreglur íþróttar- og tómstundanevndar.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd, 20.03.07. Lögð fram.
- Hreppsnefnd, 28.03.07. Lögð fram.
- Byggðaráð, 10.04.07. Lögð fram.

Eftirfarandi tillaga lögð fram. “Lagt fram erindi frá Gunnólfi ehf er barst í tölvupósti 29.03.07. Fram kom í máli sveitarstjóra að í umsókn um byggðakvóta nú hefði verið lögð sérstök áhersla á að tillit verði tekið til þeirrar skerðingar sem orðið hefur á aflaheimildum á Bakkafirði á undanförunum árum”.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

Eyþing. Stjórnarfundur, 30.03.07. Lögð fram.
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, 99. fundur. Lögð fram.

3. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

Björn flutti greinargóða skýrslu.

Þyrla á Akureyri.

“Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir yfir stuðningi sínum við ályktun læknafélags Íslands, dags 27. mars 07 þess efnis að mikilvægt sé, út frá bæði öryggis- og þjónustusjónarmiðum að ein af þyrlum Landhelgisgæslunnar verði staðsett á Akureyri. Hreppsnefnd langanesbyggðar beinir því til ríkisstjórnar Íslands að um þetta verði tekin ákvörðun strax og þannig verði stigið skref í þá átt að allir íbúar landsins sitji við sama borð varðandi þjónustu við bráðveika og slasaða”.

4. Mál. Innsend erindi.

Til kynningar.

- Vegagerðin. Norðausturvegur um Hófaskarð. Samþykkt 1996 – 2007.
- Vegagerðin. Ástand brúar á Sauðanesós. Skýrsla brúardeildar.

Til afgreiðslu.

- Fjölskylduþjónusta Þingeyinga. Sérstakar húsaleigubætur. Erindinu vísað til Byggðaráðs til vinnslu. Samþ. samhljóða.
- Verðlagning og fyrirkomulag félagsþjónustu á vegum sveitarfélagsins. Lögð fram gjaldskrá og upplýsingar um félagslega heimaþjónustu á vegum sveitarfélagsins. Fram kom að gjaldskráin og skipulag þjónustunnar er unnið af Fjölskylduþjónustu Þingeyinga og er samræmd fyrir öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslum. Lögð fram tillaga um að Langanesbyggð fylgi áfram þeirri gjaldskrá og því þjónustustigi sem Fjölskylduþjónusta Þingeyinga leggur til og jafnfram verði notendum þjónustunnar sent bréf þar sem fyrirkomulag mála verður skýrt, enn fremur óskar sveitarstjórn eftir upplýsingum um forsendur tekjuviðmiða F. Þ. Samþykkt samhljóða.

- Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Beiðni um umsögn vegna umhverfismats, áætlunar um útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á norðanverðu Drekasvæði við Jan Mayen- hrygginn. Hreppsnefnd langanesbyggðar fagnar því að hafin sé vinna er miðar að því að auka nýtingu náttúruauðlinda er felast í landgrunni umhverfis Ísland.

Vakin er athygli á því að sveitarfélagið Langanesbyggð er einstaklega vel staðsett landfræðilega, þegar hugað verður að staðsetningu á hugsanlegri þjónustumiðstöð í landi í tengslum við framkvæmdir við rannsóknir og vinnslu á olíu og gasi á umræddu svæði. Einnig hentar svæðið einstaklega vel til hýsingar þjöppunar – og uppskipunarstöðvar fyrir fljótandi náttúrugas.

Við innanverðan Bakkaflóa eru aðstæður ákjósanlegar fyrir framangreinda starfsemi og landrými nægt auk þess sem aðdjúpt er og var er gott ef þörf verður á nýjum hafnarmannvirkjum umfram þau sem eru fyrir á Þórshöfn. Góður áætlunarflugvöllur er á Þórshöfn og hefur þar verið komið upp þjónustuaðstöðu við þylusveit landhelgisgæslunnar.

Æskilegt er að hafnar verði þegar rannsóknir á því hvort hér sé ekki um vænlegan valkost að ræða og eru fulltrúar sveitarfélagsins tilbúnir til viðræðna um málið. Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, þingmenn kjördæmisins auk þess að sækja kynningarfund um málið, annað hvort á Akureyri eða á Egilsstöðum. Samþykkt samhljóða.

- Teikn á lofti. Tillaga að aðalskipulagi Vopnafj. hr. 2006 – 2026.

Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar í umhverfis, - skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar.

- Íþróttar- og tómstundanevnd. Starfsreglur nefndarinnar. Samþ. Samhljóða.

5. Mál. Sumarstarfsemi og framkvæmdir á vegum Langanesbyggðar.

Kynntar hugmyndir varðandi vatnsveituf framkvæmdir á Bakkafirði. Sveitarstjóra falið að láta hefjast handa við framkvæmdir enda rúmast þær innan samþykkrar fjárhagsáætlunar. Sveitarstjóra einnig falið að undirbúa framkvæmdir vegna færslu útrásar Hafnarlæks suður fyrir garð að undangenginni grenndarkynningu.

Fram kom að ekki hefur enn borist svar frá Vegagerð vegna fyrirhugaðra malbikunarframkvæmda. Sveitarstjóra falið að leita eftir tilboðum í malbikunarframkvæmdir á þeim götum og svæðum sem framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir malbikun á í ár. Samþykkt samhljóða.

6. Mál. Alþingiskosningar, 12.05.07.

Sveitarstjóra falið að koma eftirfarandi á framfæri við yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis.

Formaður yfirkjörstjórnar Langanesbyggðar: Brynhildur Halldórsdóttir.

Fjöldi kjördeilda 2.

Kjörstaðir: Grunnskólinn á Bakkafirði og Grunnskólinn á Þórshöfn.

Tengiliður við yfirkjörstjórn: Brynhildur Halldórsdóttir.

Símanúmer, fón, netföng:

Brynhildur Halldórsdóttir, sími: 468 1199,846 9246, fax: 468 1323,
netfang: bjorn@langanesbyggd.is.

Kjördeild á Þórshöfn: Ragnhildur Karlsdóttir, sími: 468 1175, 864 8560, fax: 468 1484,
netfang: arnar@langanesbyggd.is

Kjördeild á Bakkafirði: Áki Guðmundsson, sími: 473 1669, 893 7274, fax: 473 1668,
netfang: akib@simnet.is Samþykkt samhljóða.

Dagskrá tæmd. Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 18:10.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.